

# Skýrsla um starfsemi SAM 2025-2026

## STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 29. apríl 2025 hefur stjórn SAM haldið fjóra bókaða fundi. Á fundum stjórnar skipti stjórn með sér verkum ásamt því að fjalla um stöðu markaðar fyrir lífræna mjólk á Íslandi, afgreiða tillögu að greiðslumarki ársins 2026 og fleiri mál.

## FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2025

Mjólkurframleiðsla jókst frá 2024 til 2025 og var 156,8 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM árið 2025, en árið 2024 var framleiðslan 153,6 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun hjá hverjum framleiðanda árið 2025 var 349.148 lítrar, sem var aukning um 16.783 lítra frá fyrra ári. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 449 og fækkaði um 13 á árinu, eða 2,8%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 15 á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2025 var 152 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á mót 156.767.386 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 5.086.726 lítrar. SAM gerði tillögu til Matvæla- ráðuneytisins að greiðslumark ársins 2026 yrði 153 milljónir lítra. Sú tillaga var samþykkt.

Sala mjólkurvara árið 2025 á fitugrunni jókst um 1,24% milli ára og var 152,2 milljónir lítra.

Á próteingrunni nam sala 131,9 milljónum lítra og lækkaði um 0,5% á milli ára.

Munur á sölu á fitu- og próteingrunni jókst um 2,5 milljónir lítra á milli ára og var 20,3 millj. lítra árið 2025. Þessi munur samsvarar um 1.669 tonnum af undanrennudufti á hverju ári.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 90 tonn á milli ára. Aukningin var einkum í ferskvöru (90 tonn). Innflutningur árið 2025 samsvararaði um 10,7 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 7,3 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst verulega á árinu 2025 eða um 1.902 tonn frá árinu 2024. Miklar breytingar voru í útflutningi; útflutningur osta minnkaði um 84 tonn og útflutningur á dufti dróst saman um 10 tonn. Útflutningur á skyri jókst um 1.247 tonn og varð 4.403 tonn árið 2025, aukningin var 40%.

## UM STARFSEMI SAM

Lögbundið verkefni SAM er að koma fram fyrir hönd mjólkuriðnaðarins við framkvæmd búvörlaga. Verkefni SAM eru einnig að gæta hagsmuna, sinna sameiginlegum verkefnum á vegum aðildarfélaganna og stuðla að aðstöðujöfnun meðal mjólkurframleiðenda á landsvísu. SAM hefur í rekstri og efnahag sínum þá sameiginlegu starfsemi í þágu greinarinnar sem stjórn samtakanna tekur ákvörðun um hverju sinni.

Meðal verkefna SAM er söfnun nauðsynlegra upplýsinga um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum búvörlaga um ákvörðun greiðslumarks. Önnur verkefni vegna ákvæða búvörlaga eru m.a. útreikningur ríkisstuðla sem notaðir eru til að ákveða magn mjólkur sem selst innanlands og útreikningur á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð verðlagsnefndar landbúnaðarins miðast við hverju sinni.

Síðustu fjóra áratugi hefur SAM safnað og unnið tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi og birt í ársskýrslum SAM, sem eru aðgengilegar á vefnum [www.sam.is](http://www.sam.is) frá og með árinu 2002.

Gögn SAM um framleiðslu, sölu og birgðir eru nýttar til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga SAM, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna International Dairy Federation (IDF). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum milli aðildarfélaga SAM. Verkefnum SAM er nú sinnt af starfsmönnum Mjólkursamsölunnar, undir stjórn stjórnar SAM.

SAM er tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølke kvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í innlendu og erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkuriðnaði og íslenskum mjólkurframleiðendum.